

Skýringar við töflur yfir virkjunarkosti 2. áfanga rammaáætlunar. Tölur vísa til númer dálka í töflunum.

1. Landshluti
2. Heiti virkjunarkosts
3. Stutt lýsing á **staðsetningu** virkjunarkosts.
4. Hver virkjunarkostur fékk **staðarnúmer** rammaáætlunar. Vatnsaflskostir 1-40 og jarðvarmakostir 61-101. Ónotuð númer frá 41-60 er geymd fyrir mögulega nýja vatnsaflskosti.
5. Virkjunarkostir sem metnir voru í **1. áfanga**
6. **Áætlað afl og orkugeta virkjunarkosta.** Aflið er gefið upp í MW; orkugetan í GWh/ár; nýtingartími gefur upp þann fjölda klst. á ári sem áætlað er að virkjunin framleiði rafmagn. Orkugetan fæst með því að margfalda saman aflið og nýtingartímann og deila með 1000 til að einingin verði í GWh/ár.
7. **Hagkvæmniflokkun virkjunarkosta.** Áætluð hagkvæmni virkjunarkosta skv. faghópi IV. Hópurinn skilgreindi 6 hagkvæmniflokka sem byggðu á hlutfalli áætlaðs stofnkostnaðar og orkugetu kr/(kWh/ár). Nánari lýsingu á aðferðafræðinni er að finna í kafla um starf faghóps IV. Hagkvæmniflokkarnir (á verðlagi í janúar 2009) eru:
 1. Undir 27 kr/(kWh/ár)
 2. 27-33 kr/(kWh/ár)
 3. 33-40 kr/(kWh/ár)
 4. 40-53 kr/(kWh/ár)
 5. 53-66 kr/(kWh/ár)
 6. Yfir 66 kr/(kWh/ár)
8. **Tengikostnaður virkjana.** Áætlaður kostnaður vegna tengingar virkjunar við raforkukerfi landsins eða notkunarstað. Kostnaðartala byggir á orkuframleiðslu og er gefin upp sem kr/(kWh/ár). Nánari lýsingu á aðferðafræðinni er að finna í kafla um starf faghóps IV.
9. **Gæði gagna.** Gögn og rannsóknir sem liggja til grundvallar mati á virkjunarkostum rammaáætlunar eru mjög mismunandi að gæðum. Til einföldunar er gæðamati gagna skipt í 4 flokka:
 - A. Mjög góð gögn sem að mestu nægja fyrir mat á umhverfisáhrifum.
 - B. Góð gögn sem nægja fyrir mat rammaáætlunar.
 - C. Sæmileg gögn sem tæpast nægja fyrir mat rammaáætlunar.
 - D. Ónóg gögn fyrir mat.

ATH: Sú gæðaflokkun gagna sem getið er í töflum 2.2 og 2.3 er ónákvæm og á stundum aðeins við um náttúrufarsgögn. Í lokaskýrslu verða gæði gagna flokkuð eftir þörfum hvers faghóps.